Fundargerð 1005. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 30. október kl. 13:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Björg Magnúsdóttir, Pétur Hafliði Marteinsson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Haukur Þór Hauksson, Ragnar Sigurðsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Vilhjálmur Árnason og Marta Rut Ólafsdóttir.

Hjalti Þór Vignisson boðaði forföll, varamaður hans Marta Rut Ólafsdóttir mætti í hans stað. Auður Kjartansdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Guðmundur Haukur Jakobsson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 1004. fundar - 2510044SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 1004. fundar stjórnar Sambandsins frá 8. október 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2509148SA**

   Lögð fram fundargerð 11. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 1. september 2026.

3. **Fundargerðir Jónsmessunefndar - 2608029SA**

   Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 28. ágúst, 16. september og 14. október 2026.

4. **Formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga - 2610033SA**

   Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 28. október 2026, um formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

   Stjórn Sambandsins telur brýnt að bæta samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga, ásamt því að tryggja fullnægjandi fjármögnun verkefna. Stjórn leggur jafnframt áherslu á að samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðaður hið fyrsta og að aðilar vinni að úrbótum eftir skýrri sameiginlegri verkáætlun. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja þessu eftir á fundi samstarfsráðs.

5. **Fundur með mennta- og barnamálaráðherra um farsæld barna - 2606001SA**

   Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og varaformaður áttu með ráðherra 23. október sl.

6. Virðismatsvegferð Kennarasambands Íslands og opinberra vinnuveitenda - 2509414SA

Lagt fram minnisblað kjarasviðs Sambandsins, dags. 28. október 2026, um stöðu virðismatsvegferðar Kennarasambands Íslands og opinberra vinnuveitenda.

7. Íslenskt menntakerfi - Blásum byr í seglin - 2610028SA

Lagt fram bréf Kennarasambands Íslands, dags. 8. október 2026, þar sem kallað er eftir víðtæku samfélagslegu samtali um framtíð íslensks skólastarfs.

8. Stefnumörkun Sambandsins 2026-2030 - 2601020SA

Lögð fram drög að stefnumörkun Sambandsins 2026-2030. Ásamt minnisblaði yfirlögfræðings, dags. 28. október 2026.

Stjórn felur starfsfólki að ganga frá drögum að stefnumörkun í samræmi við umræður á fundinum. Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar.

9. Breytingar á útreikningum á gjaldskrá vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags - 2509242SA

Lagt fram minnisblað þróunarsviðs Sambandsins, dags. 30. október 2026, um breytingar á útreikningum á gjaldskrá vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags.

Stjórn samþykkti breytingar á útreikningum á gjaldskrá vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags samkvæmt fyrirliggjandi minnisblaði þróunarsviðs. Jafnframt samþykkt að ný viðmiðunargjaldskrá gildi frá 15. ágúst 2026.

10. Rannsóknarnefnd fósturheimila og sanngirnisbætur - 2605003SA

Lagt fram sem trúnaðarmál.

11. Loftbrú - 2610032SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings og aðalhagfræðings Sambandsins, dags. 27. október 2026, um breytingar á fyrirkomulagi Loftbrúar.

Stjórn lýsir yfir vonbrigðum með skort á samráði við sveitarfélög og landshlutasamtök við undirbúning breytinga á Loftbrú. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi Loftbrúar fyrir búsetuskilyrði og jafnt aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að þjónustu. Stjórn telur jafnframt brýnt að áhrif breytinga á fyrirkomulagi niðurgreiðslunnar verði metin og að um þær verði haft fullt samráð við sveitarfélög og landshlutasamtök.

12. Fjárhagsáætlun stafræns samstarfs 2027 - 2511011SA

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun stafræns samstarfs fyrir árið 2027. Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins fer yfir fjárhagsáætlunina.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun stafræns samstarfs fyrir árið 2027.

13. Starfsreglur stjórnar Sambandsins - 2606001SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar Sambandsins 28. ágúst 2026, en þá var starfsreglunum vísað til nýrrar stjórnar til umfjöllunar og afgreiðslu með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum.

Starfsreglunum er ætlað að auðvelda nýrri stjórn að taka ákvarðanir um hvernig hún vill haga störfum sínum til lengri eða skemmri tíma á kjörtímabilinu.

Stjórn staðfestir fyrirliggjandi starfsreglur stjórnar.

14. Þóknun stjórnar Sambandsins - 2606001SA

Lögð fram tillaga formanns stjórnar Sambandsins að breyttri þóknun fyrir setu í stjórn Sambandsins.

Stjórn samþykkti tillögu formanns um breytt fyrirkomulag þóknunar stjórnar. Samþykkt var að mánaðarleg þóknun stjórnarmanna verði 300.000 kr. og að þóknun formanns lækki og verði tvöföld þóknun stjórnarmanna. Þóknun varafulltrúa verði 84.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Jafnframt var samþykkt að horfið verði frá tengingu við þingfararkaup og að þóknunin taki framvegis breytingum í samræmi við almennar launabreytingar samkvæmt kjarasamningum Sambandsins við BSRB. Breytingarnar taka gildi 1. nóvember 2026.

15. Nefndir Sambandsins - 2606001SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 27. október 2026, um fastanefndir Sambandsins.

Stjórn felur starfsfólki, formanni og varaformanni að vinna málið áfram á grundvelli umræðu á fundinum og leggja fram tillögur til afgreiðslu á næsta fundi.

16. Alþjóðlegt samstarf - 2610027SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Sambandsins, dags. 28. október 2026, um alþjóðlegt samstarf.

Formanni falið að vinna tillögu að tilnefningum fulltrúa í alþjóðlegt samstarf og leggja hana fyrir á næsta fundi.

17. Starfshópur um gerð stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga - 2610013SA

Lögð fram beiðni um tilnefningu í starfshóps um gerð stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Samþykkt að tilnefna Almar Guðmundsson formann stjórnar Sambandsins og Sunnu Hlín Jóhannesdóttur varaformann Sambandsins. Jafnframt er óskað eftir því að Sambandið fái einn auka fulltrúa í starfshópinn. Ef það verður samþykkt þá tilnefnir Sambandið Björgu Magnúsdóttur einnig í starfshópinn. Að auki er samþykkt að Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins verði varamaður þeirra og áheyrnarfulltrúi í starfshópnum.

18. Fundargerð 41. landsþings Sambandsins - 2509272SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 41. landsþings Sambandsins sem haldið var í Hofi á Akureyri 23.-24. september 2026.

19. Tilnefning í starfshóp um framfærslu aldraðs flóttafólks frá Úkraínu - 2609033SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 13. október 2026, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalfulltrúi í starfshóp um framfærslu aldraðs flóttafólks frá Úkraínu, og Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

20. Endurtilnefning í verkefnastjórn Gott að eldast - 2610023SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 26. október 2026, þar sem Ingibjörg Þ. Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Austurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í verkefnastjórn Gott að eldast.

21. Umsögn um drög að reglugerð um skilgreiningu hugtaksins ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar - 2609021SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 22. september 2026, um drög að reglugerð um skilgreiningu hugtaksins "ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar", mál nr. S-166/2026.

22. Umsögn um áform um lagasetningu - endurskoðun á lögum um velferð dýra - 2609036SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 30. september 2026, um áform um lagasetningu - endurskoðun á lögum um velferð dýra nr. 55/2013, mál nr. S-175/2026.

23. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna - 2609037SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 1. október 2026, um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna, mál nr. S-178/2026.

24. Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga - 2610001SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 1. október 2026, um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 5. mál.

25. Stefna og framkvæmdaáætlun um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til ársins 2030, 75. mál - óskað umsagnar - 2609035SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 1. október 2026, um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til ársins 2030, 75. mál.

26. Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum o.fl. - 2610002SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 1. október 2026, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (markmið, nýting eigna, framkvæmdaumsjón), 4. mál.

27. Umsögn um frumvarp til laga um barnavernd - 2610004SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 2. október 2026, um frumvarp til laga um barnavernd, 78. mál.

28. Umsögn um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2027-2031 - 2610005SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 5. október 2026, um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2027-2031, 132. mál.

29. Umsögn um frumvarp til laga um aðgang barna að samfélagsmiðlum - 2610007SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. október 2026, um frumvarp til laga um aðgang barna að samfélagsmiðlum, mál nr. S-18/2026.

30. Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á skipulagslögum - 2610020SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 16. október 2026, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010, mál nr. S-190/2026.

31. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 2610022SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 20. október 2026, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (ýmsar breytingar), mál nr. S-194/2026.

32. Umsögn um drög að bráðabirgðaákvæði um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026-2027 - 2610024SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. október 2026, um drög að bráðabirgðaákvæði um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026-2027, mál nr. S-193/2026.

33. Breytt fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga - 2611005SA

Rætt um breytt fyirkomulag á heilbrigðiseftirlitum.
Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn lýsir yfir áhyggjum og vonbrigðum með seinagang og óvissu við innleiðingu breytinga á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, sem eiga að taka gildi 1. janúar nk. Þrátt fyrir að meginhluti eftirlits- og leyfisverkefna

muni flytjast til ríkisins verður fjöldi verkefna áfram á ábyrgð sveitarfélaga. Nú þegar aðeins tæpir tveir mánuðir eru í að lögin taki gildi er margt óljóst um verkaskiptingu og framkvæmd. Reglugerðir sem fjalla um þau verkefni sem verða áfram á ábyrgð sveitarfélaga eru enn óklárаðar þrátt fyrir ríka áherslu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar sl. vor um að það myndi gerast sem allra fyrst. Þetta skapar mikla óvissu í stjórnsýslu sveitarfélaga og við gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2027. Þá hefur ekki verið lagt mat á kostnað sem sveitarfélög kunna að verða fyrir vegna breytinganna og þeirra verkefna sem eftir verða.

Stjórn bendir jafnframt á þá miklu óvissu sem ríkir um stöðu starfsfólks vegna breytinganna, þar á meðal starfsfólks sem þegar hefur verið sagt upp en óljóst er hvort og þá hvaða störf því kunna að bjóðast áfram. Þá er enn ólokið að leysa úr mikilvægum fjárhagslegum álitaefnum vegna yfirfærslunnar.

Stjórn vill því skora á umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið að hraða vinnunni, eyða óvissunni sem nú er uppi og eiga samtal við sveitarfélögin um þetta verkefni sem allra fyrst.

Fundi var slitið kl. 16:00